

Önundarholtsvegur, Gaulverjabæjarvegur - Villingaholtsvegur - umsókn um framkvæmdaleyfi

From Svanur G. Bjarnason - VG <svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is>

Date Thu 2026-05-07 09:37

To Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>; sigridur@utu.is <sigridur@utu.is>

Cc María Dís Ásgeirsdóttir - VG <maria.d.asgeirsdottir@vegagerdin.is>; Aron Bjarnason - VG <aron.bjarnason@vegagerdin.is>

2 attachments (6 MB)

Yfirlitsmyndir.pdf; Umsókn um framkvæmdaleyfi undirr.pdf;

Meðfylgjandi er umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir ofangreindri framkvæmd.

Kveðja



**Svanur Bjarnason**

Svæðisstjóri  
Suðursvæði

Regional director  
South Region

Vegagerðin  
Icelandic Road and  
Coastal Administration

[svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is](mailto:svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is)

[+354 522 1000](tel:+3545221000)

Breiðamýri 2, 800 Selfoss  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

**Um ábyrgð á tölvupósti**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

**English**

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.



## Flóahreppur

Pingborg  
803 Selfossi

### Önundarholtsvegur (311-01), Gaulverjabæjarvegur (33) – Villingaholtsvegur (305), endurbygging vegar. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin stefnir á endurbyggingu núverandi vegar á um 4,9 km löngum kafla á Önundarholtsvegi (311-01), frá vegamótum við Gaulverjabæjarveg (33-01) að Villingaholtsvegi (305-01), í Flóahreppi nú í sumar.

Núverandi vegur er um það bil 5-6 metra breiður malarvegur en með fyrirhuguðum endurbótum stendur til að byggja veginn upp með styrktar og burðarlagi þar sem þess er þörf og leggja klæðingu á veginn. Endurbyggður vegur er hannaður samkvæmt veghönnunarreglum Vegagerðarinnar, staðli fyrir C7 snið, sem er 7,0 m breiður vegur með 6,8 m breiðri klæðingu og 0,1 m malaröxlum sitthvoru megin. Hönnunarhraði er 70 km/klst. Vegurinn liggur að mestu í sömu veglínu og núverandi vegur en fer út fyrir núverandi veg í krappri beygju við Önundarholt.

Sjá einnig meðfylgjandi uppdrætti af veglínu.

Áætlað efnismagn sem þarf í uppbyggingu á veginum er um 40.000 m<sup>3</sup>, samtals í fyllingar, styrktarlag og burðarlag. Gert er ráð fyrir að verktaki útvegi það efni og að það komi úr námum á svæðinu sem eru í rekstri.

Unnið er að samningum við landeigendur og gert ráð fyrir að þeim verði lokið áður en til útboðs kemur.

Fyrirhugað er að bjóða framkvæmdir út seinni hluta maí mánaðar og að þeim ljúki í lok sumars.

Gert er ráð fyrir að umferð verði um framkvæmdasvæðið á framkvæmdatíma.

Í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er hér með óskað eftir framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins fyrir ofangreindri framkvæmd.

Bréf þetta er einungis undirritað með rafrænni undirritun.

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar.  
Svanur Bjarnason  
Svæðisstjóri Suðursvæðis

Fylgiskjal: Yfirlitsmynd











